

FUNDARGERÐ

255 fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps

Árið 2020, þriðjudaginn 13. október, kom fræðslunefnd Mýrdalshrepps saman til fundar í fjarfundi kl. 16:00.

Fundinn sátu: Anna Huld Óskarsdóttir formaður, Salóme Þóra Valdimarsdóttir, Þorbjörg Kristjánsdóttir og Þórey Richardt Úlfarsdóttir sem ritaði fundargerðina í tölvu

Að auki sátu fundinn: Þorbjörg Gísladóttir sveitastjóri, Sveinn Sigurðsson áheyrnafulltrúi leikskóla og Ólafur Ögmundsson áheyrnafulltrúi skóla

Formaður setti fundinn kl 16:00 og stjórnaði honum.

Elín Einarisdóttir skólastjóri Víkurskóla, Dagný Rut Gretarsdóttir skólastjóri leikskólans Mánalands og Brian R. Haroldsson skólastjórn Tónskólans ásamt Kolbrúnu Hjörleifsdóttur áheyrnarfulltrúa kennara komu inn á fundinn til að sitja kynningu skólaþjónustunnar.

16:00 Kynning á þjónustu skólaþjónustunnar, Þórun Jóna Hauksdóttir sá um kynninguna.

ÞJH yfirgefur fundinn.

16:36 Grunnskóli:

Til samþykktar: Skólanámsskrá 2020/2021 og Starfsáætlun Víkurskóla 2020/2021.

Samþykkt samhljóma.

Til kynningar: Áætlun til fjögurra ára um innra mat Víkurskóla.

16:53 EE og KH yfirgefa fundinn

16:53 Leikskóli Dagný leikskólastjóri

- Rætt var möguleikann á því að stytta sumarlokun í 4 vikur og hafa sveigjanlegt sumarleyfi. Margar áskoranir fylgja því með tilliti til þess að starfsfólk leikskólans á 30 daga sumarleyfi. Sammælt var um það að Leikskólastjóri og formaður fræðslunefndar myndu koma með fastmótaðar hugmyndin um hvernig mögulega megi leysa þetta og gera á könnun meðal foreldra.
- 20 börn eru á leikskólanum og 8 stöðugildi. 62,5% starfsmanna er ekki með Íslensku sem móðurmál.
- 2 börn eru á biðlista.

17:28 DRG vikur af fundi.

17:29 Tónskóli BR kemur inn á fundinn.

- Til kynningar: Stundaskrá og nemenda-listi tónskólans.
- 30 nemendur eru skráðir í tónskólann.
- Auglýst var til umsóknar staða tónlistakennara til afleysinga vegna fæðingarorlofs starfsmanns. Einn umsækjandi sótti um en viðkomandi hefur ekki réttindi.
- Gengið hefur vel að skipuleggja tónlistarnámið eftir stundartöflu.
- Brian fór yfir fyrirkomulag í námi á tónfræði. Tónfræði fyrir nemendur í 5-10 hefur ýmist verið val eða kennt samhliða tónlistanámi.

17:43 BR yfirgefur fundinn.

Fundi slitið kl. 17:47

Anna Huld Óskarsdóttir

Karl Pálmasson

Salóme Þóra Valdimarsdóttir

Þorbjörg Kristjánsdóttir

Þórey Richardt Úlfarsdóttir

Sveinn Sigurðsson

Ólafur Ögmundsson